



2012

Þjóðarspejillinn

# Íslensk sjálfsmynd í Brasílu

Eyrún Eypórsdóttir

Félags- og mannvísindadeild  
Ritstjórar  
Sveinn Eggertsson og Ása G. Ásgeirsdóttir

Rannsóknir í félagsvísindum XIII. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2012

Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands



HÁSKÓLI ÍSLANDS

# Íslensk sjálfsmynd í Brasilíu

## Eyrún Eyþórsdóttir

Íslendingar hafa löngum haft áhuga á samlöndum sínum sem yfirgáfu heimahagana í kringum aldarmótin 1900. Fjölmargar bækur hafa verið gefnar út um Vesturfarana, þær þúsundir íslendinga sem fluttust búferlum til Kanada og Bandaríkjanna á þeim tíma. Ekki minni er áhugi héraðs á afkomendum vesturfaranna og umfjallanir um íslenskuþekkingu þeirra og viðhald íslenskrar menningar á sléttum Manitoba hafa iðulega vakið upp þjóðarstolt meðal íslendinga.

Það hefur ekki verið fjallað, að sama leyti, um annan hóp sem yfirgaf Ísland í aðdraganda vesturferðanna en það eru svokallaðir Brasilíufarar sem líkt og vesturfararnir fluttust búferlum í leit af betra lífi en það sem þeir áttu von á að gera átt á Íslandi. Á árunum 1863 og 1873 settust 37 íslendingar að í Suður Ameríku, nánar tiltekið í Brasilíu. Hópurinn samanstóð að mestu af fjölskyldufólki þó voru fyrstu fimm einstaklingarnir sem fóru árið 1863 einhleypir karlmenn.

Í þessari grein beini ég sjónum mínum að afkomendum íslendinga í Brasilíu úr frá hugmyndum fræðimanna um tvíheima og hnattvæddar sjálfsmyndir. Greinin er byggð á yfirstandandi doktorsverkefni mínu í mannfræði við Háskóla Íslands. Eigindlegri rannsóknaraðferð er beitt í doktorsverkefninu sem grundvallast að mestu leyti á vettvangsathugunum og viðtölum við afkomendur íslendinga í Brasilíu sem eru mikilvæg leið til gagnöflunar. Aðferðinni er beitt til að öðlast skilning á veruleika afkomendanna og til að skilja á hvaða grunni sá félagslegi veruleiki er byggður. Frumniðurstöður verkefnisins endurspeglar að einstaklingum finnist íslenski uppruninn mikilvægur.

## Kenningarleg nálgun

Á síðustu áratugum hafa fræðimenn, í auknara mæli, lagt áherslu á að skoða mótun sjálfsmynda út frá tengslum við aðra hópa (sjá t.d. Barth, 1969). Sjálfsmyndir eru að vissu marki grunnstoðir félagslegra aðgerða og útskýra þar að leiðandi athafnir, einstaklingsbundnar eða hópa, sem byggjast á ákveðnum sjálfskilning og ramar þannig inn það sameiginlega í fari einstaklinga (Brubaker, 2004). Kenningar um sjálfsmyndir finna sér farveg meðal fræðimanna innan félagslegrar mótunarhyggju þar sem lögð er áhersla á að hinn félagslegi heimur mótist af félagslegum samskiptum og merking hluta og fyrirbæra sé félagslega mótaður sem og skilgreiningar fólks á þeim. Raunveruleikinn er þar að leiðandi ekki hlutlægur heldur huglægur, margþættur og háður upplifun einstaklinganna sem verður til í félagslegu samhengi.

Með sjálfsmynd er annars vegar átt við það sem er eins og hins vegar það sem er ólíkt (Kempny, 2010). Með öðrum orðum má segja að sjálfsmynd byggir á því sem einstaklingurinn á sameiginlegt með öðrum og það sem gerir hann frábrugðin öðrum en þannig verður einstaklingurinn hluti af hóp og á sama tíma dregur mörk á milli eigin hóps gagnvart öðrum hópum. Þannig verður þjóðernissjálfsmynd ákveðið auðkenni einstaklingsins (Barth, 1969). Thomas H. Erikson (1993) talar um að einstaklingurinn hafi gagn að því að skilgreina sig innan ákveðin hóps. Gagnsemin getur meðal annars falið í því að öðlast ákveðin réttindi og betri stöðu innan samfélagsins eða í tengslum við eitthvað annað sem einstaklingurinn telur mikilvægt. Þetta er alls ekki ólíkt hugmyndum Spivak (1987) um stefnumarkandi eðlishyggju um

að einstaklingurinn skilgreini sig meðvitað til þess að ná fram ákveðnum markmiðum. Eða hugmyndum Bourdieu (1989) um eiginlega félagslega stöðu sem einstaklingur fær sjálfkrafa við fæðingu. Hagsmunir og sjálfsmyndir eru mótaðar af félagslegum aðstæðum og eru þar að leiðandi breytilegar. Sjálfsmynd tengist hagsmunum viðkomanda þannig að hún byggist að miklu leyti á því hver viðkomandi er og í hvaða umhverfi hann býr, hverjar eru hans lífsskoðanir og hugmyndafræði.

Samrofin hugmyndum um sjálfsmyndir og þjóðernissjálfsmyndir er hugmyndafræði tvíheima. Innan tvíheima finnast minningar, sýn eða goðsögn um upphaflega ættjörð þannig að tvíheimar eru að hluta til tilfærsla ímynda frá einum stað til annars þar sem samhengið breytist. Samkvæmt skilgreiningum tvíheimakenningar á fólk það sameiginlegt að sakna heimahagana og óska heimferðar eða að eiga sér eins konar ósk um að tengjast heimkynnum forfeðranna, menningu, siðum og tungumáli (Clifford, 2007). Þannig fjalla margir fræðimenn um hvernig sjálfsmyndir eru ferli í stöðugri mótun en ekki sem tilbúnar og óumbreytanlegar. Ímyndir eru hluti sjálfsmynda þannig að hugmyndir um aðra og afmörkun á milli hópa hafa ávallt verið miðlægar í því að móta og gefa hugmyndum um sjálfid, form og inntak (Kristín Loftsdóttir, 2006). Eric Hobsbawn (1983) segir að hefðir, sem virðast gamlar, eru oft nýjar af nálinni og jafnvel fundnar upp og eru til þess gerðar til að byggja upp ákveðin hluta félagslegs lífs. Á sama hátt gerir félagsleg mótunarhyggja ráð fyrir að félagslegur veruleiki stýri að hluta til atferli og viðhorfum fólks.

## Saga Brasilíufaranna

Eins og þekkt er var helsta orsök búferlaflutninga frá Íslandi á síðari hluta 19. aldar og byrjun 20. aldarinna harðindi, fátækt og jarðarskortur. Þessar ástæður, auk afleiðinga eldsumbrota, voru áhrifaþættir búferlaflutninga af Norðurlandi til Brasilíu (Bjarni E. Guðleifsson, 2002). Rannsóknir sýna að íslendingar á þessum tíma voru vel að sér um málefni Evrópu (sjá Kristínu Loftsdóttur, 2004) en þaðan hafði töluverður fjöldi fólks flust búferlum meðal annars til Brasilíu. Á Norðurlandi var Einar Ásmundsson upphafsmaður þeirra hugmynda að stofna félag með því markmiði að flytja íslendinga til suðurhluta Brasilíu og stofna þar nýlendu. Einar fékk þar með fólk til þess að falla frá ríkjandi hugmynd um búferlaflutninga til Grænlands (Þorsteinn Þ. Þorsteinsson, 1943). Þrátt fyrir að um fimmhundrað manns hafi verið búin að skrá sig til Brasilíuferða voru aðeins tæplega 40 manns sem fóru og settust þar að. Ekki tókst að útvega skip til ferja alla sem vildu fara og líklega voru einnig til staðar samskipta erfiðleikar við brasilíska konsúlinn í Kaupmannahöfn sem varð til þess að færri fóru en vildu (Þorsteinn Þ. Þorsteinsson, 1937-38).

Þorsteinn Þ. Þorsteinsson (1943) segir að upphaflega hafi staðið til að íslendingarnir settust að í syðsta fylki landsins, Rio Grande do Sul, en þeim hafi verið ráðlagt eftir að til Brasilíu var komið að skoða frekar nýtt svæði sem var að byggjast upp á hálendinu en þar mætti finna meðal annars mun dempraðra loftslag en annars staðar í Brasilíu. Þessi staður var borgin Curitiba og varð úr að flestir settust að þar og enn í dag er talið að meirihluti íslensk ættaðra Brasilíubúa lifi þar.

Jeffrey Lesser (1999) vill meina að allur búferlaflutningur til Brasilíu á þessum tíma hafi verið af efnahagslegum toga en ekki hafi allir litið á dvöl sína í landinu til frambúðar heldur til þess að bæta efnahag og að lokum snúa tilbaka til heimalandsins. Þó búferlaflutningar íslendinganna hafi vissulega verið að efnahagslegum toga er það ósennilegt að þeir hafi geta sent fjármagn heim til Íslands eða hafi verið búnir að skipuleggja endurkomu til Íslands. Aðeins einn úr upprunalega hópnum kom heim til Íslands að nýju en það var bara til stuttrar dvalar árið 1887 af læknisráði og ein íslensk fjölskylda flutti frá Brasilíu og settist að í Kanada árið 1905 (Þorsteinn Þ. Þorsteinsson, 1937-38).

Þorsteinn (1937-38) gerir aðdraganda flutninga til Brasilíu góð skil í bók sinni „Ævintýrið frá Íslandi til Brasilíu“ auk þess sem hann fjallar um fyrstu ár íslendinganna þar. Bókin er ein helsta heimildin sem til er um aðdraganda Brasilíuferðanna og aðlögun Brasilíufaranna að nýju heimalandi. Bókin styðst að stóru leyti við bréf sem voru send á milli Íslands og Brasilíu auk þess sem all mikið er stuðst við fréttablöðin Norðra og Norðanfara, auk annara heimilda. Eftir að bók Þorsteins kom út hefur lítið sem ekkert verið skrifað um Brasilíufaranna og því er saga afkomendanna að mestu leyti óþekkt eftir 1930-1940. Áætlað er að afkomendur Brasilíufaranna skipti hundruðum í dag, jafnvel þúsundum en engin skipulögð talning hefur nokkurn tímann farið fram og því er fjöldinn á huldu.

## Fjölmenningarlandið Brasilía

Brasilía er stærsta land Suður-Ameríku með íbúafjölda í kringum 200 milljónir manna. Brasilía var frá árinu 1500 nýlenda Portúgala sem upphaflega setti upp verslunarpósta á nokkrum hafnarsvæðum landsins. Árið 1822 hlaut Brasilía sjálfstæði frá Portúgal (Skidmore, 2010). Búferlaflutningur Evrópubúa til Brasilíu hófust snemma en til að byrja með voru það portúgalar sem settust þar að. Mikil fjöldi þræla var fluttur til Brasilíu á meðan þrælasala frá Vestur-Afríku stóð yfir og voru fleiri þrælar fluttir til Brasilíu en til nokkurs annars lands (Fausto, 1999; Skidmore, 2010). Þrælahald var lagt niður með löggjöf í Brasilíu árið 1850. Þrátt fyrir að Brasilíska elítan væri efnahagslega háð þrælahaldi höfðu samfélagslegar breytingar opnað auga þeirra fyrir afnámi þess (Carvalho, 1982). Þegar nýlendutíminn í Brasilíu er skoðaður er ekki hægt að líta framhá stétt, stöðu og félagslegu stigveldi (Schwarz, 1989).

Í kjölfar afnámsins hófst tímabil mikils innflutnings fólks, að mestu leyti frá Evrópu enda þurfti að manna störf innan sykur- og kaffiframleiðslu landsins auk þess sem ráðamenn landsins höfðu háleitar hugmyndir um „hvíttun“ landins og að aukin evrópuvæðing landsins átti að færa Brasilíu upp á stall með stórbjóðum Evrópu og Bandaríkjunum og einnig skapa evrópska sjálfsmynd meðal landsmanna (Fausto, 1999; Lesser, 1999; Skidmore, 2010). Þar sem hvítir innflytjendur frá Evrópu átti að færa Brasilíu tilfinningu um evrópskt yfirráð voru innflytjendur annars staðar frá, eins og Asíu, bannaðir um tíma. Að vera hvítur er eitt helsta tákni Evrópu í nýlíðinni sögu. Það má segja að félagsleg flokkun fólks eftir litarhætti húðar sé ein af mörgum efnislegum leifum nýlendutímans sem heldur áfram að upplýsa nútímans veruleika og venjur (Loftsdóttir, 2012).

Þjóðerni hefur verið vinsælt umræðuefni í Brasilíu hin síðari ár og hefur þjóðerni verið mikilvægt í þeim skilningi að síðustu 150 ár hefur þurft að umsemja Brasilíska sjálfsmynd (Lesser, 1999). Margir fræðimenn hafa í gegnum tíðina skoðað sjálfsmyndasköpun í Brasilíu (sjá t.d. Davila, 2005; Karam, 2007; Lesser, 1999). Olivien (2002) segir að leitast var við að skapa eina þjóðarsjálfsmynd með því að gera lítið úr menningarlegum mismun innan landsins og það hafi valdið því að svæðabundnar sjálfsmyndir hafi orðið mikilvægar. Lesser (1999) vill meina að enn í dag er Brasilísk sjálfsmynd afar evrópuvædd og hvítum gert hærra undir höfuð.

## Íslensk sjálfsmynd í Brasilíu

Samskipti á milli Brasilíufaranna svokölluðu og afkomenda þeirra við Ísland minnka og nánast hverfa þegar leið á 20. öldina. Afkomendurnir viðhéldu ekki íslenski tungu né íslenskum siðum og lítið var um innbyrðis giftingar innan hópsins enda hópurinn lítill, líklega of smár til að hægt hefði verið að byggja upp einhverskonar nýlendu eða íslenskt samfélag. Vigfús Guðmundsson (1958) vill meina að þrátt fyrir að

Íslendingarnir hafi ekki myndað með sér neinn skipulagðan félagsskap hafi þeir fyrstu áratuginu eftir að Brasilíufararnir settust að heimsótt hvern annan og þá hafi íslenska verið töluð, íslensk ljóð sungin og íslenskt lesmál lesið þar sem það var til. Í grein í Morgunblaðinu frá árinu 1972 er haft eftir Unigus Gembarowski, afkomandi Brasilíufarans Jensínu Guðmundsdóttir, að lengi vel hafi verið samband á milli ættingjanna en núverið væri það orðið strjált (Árni Johnsen, 1972).

Íslendingarnir blönduðust fljótt öðrum þjóðum, sérstaklega þjóðverjum og öðrum Norðurlandsþjóðum (Þorsteinn Þ. Þorsteinsson, 1935) en með þeim deildu þeir meðal annars lútherstrú í hinni kaþólsku Brasilíu (Þorsteinn Þ. Þorsteinsson, 1937-38). Margir af Brasilíuförunum lærðu til að mynda þýsku áður en þeir lærðu portúgölsku enda bjuggu þeir til að byrja með í þýskum nýlendum auk þess sem samskipti við aðrar norrænar þjóðir voru þeim auðveldari vegna dönskuþekkingar (Þorsteinn Þ. Þorsteinsson, 1937-38). Þá blönduðust þeir einnig ítölum og fólki af portúgölskum uppruna.

Við komuna til landsins tóku íslendingarnir upp ættarnöfn sem annað hvort voru vísun í heimkynni á Íslandi eins og nöfnin Barddal (frá Bárðardal), Söndahl (frá Sunnudal í Vopnafirði) og Reykdal (frá Reykjadal) eða fólk notaði eftirnafn sitt eins og Joakimsson, Jonsson (í dag er það Johnson) og fleira. Þá breytti fólk einnig eiginnöfnum sínum og varð til dæmis Karl að Carlos og Sigríður að Sigrid. Ætla mega að þeir hafi breytt nöfnum sínum til að aðlagast betur málvenjum landsins og gera öðrum auðveldara um vik og þá gáfu sumir börnum sínum portúgölsk nöfn (Þorsteinn Þ. Þorsteinsson, 1937-38).

Þegar evrópskir innflytjendur settust að í nýlendum Evrópskra heimsveldanna þurftu þeir að endurskoða þjóðerni sitt og sjálfsmynd (Ponzanesi, 2002). Á þeim tíma voru sjálfsmyndir í hinni portúgölsku Ameríku ekki aðeins í samhengi við breytilegar efnahagslegar aðstæður og þau tækifæri sem fyrir voru heldur voru einnig framhald viðhorfa kynþáttahyggu þrælshaldins (Schwartz, 1989). Fyrr á tímum voru sjálfsmyndir Evrópubúa skapaðar í gegnum orðræðu um hina og afmörkun ólíkra hópa ásamt ríkjandi hugmyndafræði um kynþætti og þjóðerni (Loftsdóttir, 2009). Brasilíufararnir hafa, eins og aðrir, þurft að endurskapa sjálfsmynd sína í samfélagi þar sem ríkti stjórnarfar sem þeir þekktu ekki, þar sem stéttarskipting var mikil og kynþáttahygga ráðandi.

Sökum skorts á heimildum er erfitt að gera sér grein fyrir sögu þeirra tæpu 150 ára sem liðin eru frá því að Brasilíufararnir yfirgáfu Ísland í lok 19. öld og afkomenda þeirra í dag. Hafa verður í huga að það Ísland, sem Brasilíufararnir yfirgáfu, er ólíkt Íslandi nútímans og því verður að hafa hugfast að sameiginlegur minningabanki afkomendanna taki mið af Íslandi eins og það var á fyrri tímum og hugmynda sem mótað hafa í hugum fólks í gegnum kynslóðir. Upprifjun fortíðar getur einnig stíft fortíðarþrá en slíkt má einnig skoðast sem ein tegund félagslegs minnis (Kristín Loftsdóttir, 2010). Slíkt félagslegt minni geti verið mikilvægt tæki til að skilja hvernig sjálfsmyndir eru endurskapaðar á milli kynslóða. Til að skoða íslenska sjálfsmynd í Brasilíu skiptir höfuðmáli að skilja félagslegan veruleika afkomenda Brasilíufaranna. Sjálfsmyndir fólks getur verið byggð á mörgum þáttum og í klassískum innflytjendalöndum eins og Brasilíu hefur umhverfið átt sinn þátt í mótuninni.

## Íslenskur uppruni útskýringarþáttur á sjálfinu og sérstökum eiginleikum

Íslensk ættaðir Brasilíubúar í dag eiga sér fleiri upprunalönd en Ísland þar sem mikil blöndum hefur átt sér stað síðan Brasilíufararnir settust að í landinu. Þar af leiðir eru afkomendur íslendinga í Brasilíu ættaðir víðar en frá Íslandi. Eins og fram hefur komið eru sjálfsmyndir breytilegar í tíma og rúmi. Hver einstaklingur hefur mörg hlutverk í

samfélaginu og margar mögulegar sjálfsmyndir og er það honum í sjálfvald sett að ákvarða hvaða þjóðernissjálfsmynd er honum mikilvægust og í hvaða umhverfi hún er það (Erikson, 1993).

Patrícia<sup>1</sup> er rúmlega þrítug, vel menntuð, kona af íslenskum ættum. Patrícia telur það vera henni mikilvægt að eiga ættir að rekja til Íslands og segir að þegar hún skoði myndir af Íslandi, lesi sig til og heyri sögur þaðan upplifi hún það þannig að hún sé að læra meira um sjálfan sig. „Þið á Íslandi vitið örugglega ekki hvernig þetta er, þið getið rakið ættir ykkar þúsund ár aftur í tímann en það getum við ekki. Við viljum bara vita hvaðan við erum og hver við erum“. Eins og fram kemur í frásögn Patrícia telur hún hluti af eigin sjálfsþekkingu að þekkja til forfedra sinna og þar að leiðandi telur hún það mikilvægt að fræðast meira um land, þjóð og menningu. „Ísland er hluti af mér“ segir hún og útskýrir það sem mjög tilfinningalegan hluta af sjálfsmynd hennar. Í viðtali við íslensk ættaða Brasilíubúa í heimsókn á Íslandi, sem birtist í Morgunblaðinu árið 1998, er haft eftir þeim hversu mikilvægt það er afkomendunum að vita hvaðan þau koma. „Við sjáum rætur okkar hér, það er nauðsynleg reynsla í lífinu að njóta þess. Við vitum nákvæmlega hvaðan við komum“ (Kristján Jónsson, 1998). Paulo, háskólamenntaður maður á fimmtugsaldri, sem eru af fjórðu kynslóð afkomenda Íslendinga segir að þrátt fyrir að hann geti rekið fleiri ættir til Þýskalands en til Íslands sé íslenska arfleiddin honum mikilvægust og sú sem skiptir hann mestu máli. Einstaklingurinn skilgreinir sig í tengslum við annað fólk og eru því sjálfsmyndir einhverskonar eigin frásögn að því hvað við erum eða hvað við erum ekki. Sjálfsmyndir eru þar að leiðandi ávallt að hluta til frásögn og hluta til fyrirsvar sjálfsins og er einhverskonar trygging á eigin áreiðanleika (Hall, 2000).

Patrícia telur íslenskan uppruna sinn útskýra hver hún er og þar að leiðandi er það nauðsynlegt að þekkja til staðarins og menningarinnar. Slíkar hugmyndir rúmast innan kenningarramma tvíheima sem þjónar meðal annars þeim tilgangi að vera brú á milli þess staðbundna og alþjóðlega enda fer fram ákveðin sjálfsmyndasköpun í gegnum tvíheima. Í tengslum við hugmyndir Patrícia um að íslenskur uppruni hennar sé einhverskonar útskýringarþáttur á sjálfinu er áhugavert að skoða hvernig íslensk ættaðir Brasilíubúa eigna íslenskum uppruna sínum ákveðna eiginleika.

Marco er á sextugsaldri, þriðja kynslóð afkomenda Brasilíufara, og hefur í langan tíma haft mikin áhuga á íslenskri arfleidd sinni og hefur hann meðal annars komið í tvígang í heimsókn til Íslands. Marco er vel menntaður og tilheyrir því sem mundi skilgreinast í daglegu tali sem efri-miðstétt í Brasilísku samfélagi. Marco segir það að vera afkomandi íslendinga vera menningarleg sjálfsmynd ekki síður en tilfinningaleg að því leyti að hún er tenging við germanska og norræna hugsun og hegðun og jafnframt sé hún tenging við mótmælendatrú, dugnað, ábyrgð og heiðarleika en það séu eiginleikar sem hann telur eiga við sjálfan sig og aðra afkomendur íslendinga í Brasilíu og skilji þá frá menningu Brasilíu sem hann lýsir í andstöðu við ofangreint.

Hugmyndafræði Marco um eiginleika sem hann gefur íslendingum er ekki einsdæmi eins og birtist í viðtali við Nönnu Söndahl, dóttir Brasilíufarans Magnúsar Árnason, þegar hún heimsótt Ísland árið 1989 og líkti íslendingum (íslensku eðli) við víkinga sem börðust á friðsælan hátt en af mikill einbeitni (Kristján Jónsson, 1998). Hinn íslensk ættaði Unigus Gembarowski tekur í sama steng í grein í Morgunblaðinu en þar er haft eftir honum að íslendingar séu sterkir, stórir og rólegir og þægilegt að ræða við, ólíkt Brasilíubúum sem eru órólegir og æstir (Árni Johnsen, 1972). Fredrik Barth (1969) heldur því fram að þegar fólk er flokkað eftir þjóðernishóp er sérstaklega horft til þátta eins og grunnildi, siðferðislegan staðla og ágæti. Í Brasilísku samfélagi fyrri tíma virðist hafa verið sett samansæmi merki á milli lútherstrúar þjóðverja og heiðarleika, dugnaðs og vinnusemi (Lesser, 1999).

---

<sup>1</sup> Nöfn viðmælenda í doktorsverkefni mínu og fram koma í greininni eru dulnöfn

## Hópurinn og þokukenndar hugmyndir um uppruna

Erikson (2001) segir að einstaklingurinn sé í raun og veru afurð tengsla hans við aðra og vegna þess sé sjálfsmyndin ávallt félagslega sköpuð. Hinsvegar er nauðsynlegt að skoða þjóðernissjálfsmyndir þegar ganga á út frá sameiginlegum uppruna fólks. Þjóðernissjálfsmynd tengist uppruna fólks, sögu þeirra og upprunalegum godsögnum. Það er eitt form myndrænna fjölskyldutengsla þeirra sem gera ráð fyrir að hafa sameiginlegan uppruna og reyna að halda á lífi ákveðnum menningarlegum hefðum (Erikson, 2001).

Árið 1996 var stofnað félag afkomenda íslendinga í Brasilíu í þeim tilgangi að varðveita íslenska menningu meðal afkomenda íslendinga og styrkja vináttu, samstarf og góðvilja milli Brasilíu og Íslands og mættu 48 manns á fundinn. Íslensk brasilíska félagið er enn virkt og hittast stjórnarmenn þess reglulega til skrafs og ráðagerðar. Það er áhugavert að einn af tilgangi félagsins er að varðveita íslenska menningu meðal afkomendanna í ljósi þess að menningarlegir þættir hafa líklega flestir eða ekki allir tapast í gegnum tíðina þannig að afkomendurnir skilgreina sig út frá andlegum, líkamlegum og tilfinningarlegum þáttum í stað menningarlegra, eins og með því að íslenskuvæða ákveðna eiginleika í fari afkomendanna.

Félagið heldur úti heimasíðu þar sem hægt er að finna upplýsingar um félagið, afkomendur íslendinga í Brasilíu, ættfræði og fleira. Netið hefur þar þjónað ákveðnum tilgangi og er bæði á Facebook sem og samskiptisíðunni Orkut að finna hópa afkomenda íslendinga í Brasilíu. Þessir hópar eru vettvangur til að tengja saman afkomendurnar. Meðal verkefna sem félagið hefur komið að og skiptir íslenska-brasilíska samfélaginu máli er tilkoma Íslandstorgsins í Curitiba borg. Torgið var formlega stofnað árið 2000 að viðstöddum sendiherra Íslands í Bandaríkjunum á þeim tíma, Jóni Baldvini Hannibalssyni og eiginkonu hans Bryndísi Schram. Torgið heidrar minningu þeirra íslendinga sem settust að í borginni og er táknað merki þar sem lítið er vitað um íslenska innflytjendur í Brasilísku samfélagi enda hefur hópurinn vegna smáðar sinnar verið ósýnilegur í umræðunni um Evrópska innflytjendur í Brasilíu. Þá var skipaður kjöræðismaður Íslands með ræðimannastigi í Curitiba árið 2001. Félag afkomenda íslendinga í Brasilíu er gott dæmi um ramma og skipulag sem búið hefur verið til með því markmiði að viðhalda tilvist íslenskrar arfleifðar á milli kynslóða. Slíkt er afkomendunum nauðsynlegt til að geta byggt sjálfsmynd sína á eigin uppruna. En einnig skapar slíkt ákveðið bræðralag og tengsl á milli ólíkra einstaklinga.

Það er áhugavert að skoða hugmyndir afkomendanna um uppruna sinn en Nanna Söndahl, einn stofnandi íslenska brasilíska félagsins, segir í viðtali í Morgunblaðinu að margir þeirra sem mættu á stofnfund félagsins hafi haft afar „þokukenndar hugmyndir um arfleifð sína“ (Kristján Jónsson, 1998). Benedict Anderson (1991,1983) vill meina að í minnisleysi fortíðarinnar, í sérstækur sögulegum aðstæðum, sé hægt að fylla upp í eyðurnar og þannig framkalla breytingar í meðvitund er varða samspil fortíðarinnar og þess félagslega. Í þessu samhengi hefur Anderson iðulega fjallað um það sem hann kallar ímynduð samfélög, sem hann vill meina að öll samfélög séu.

Í heimildapætti um íslenska innflytjendur í Brasilíu, sem framleiddur var af sjónvarpstöðinni Globo í Brasilíu árið 2012, er viðtal við Walter Johnson, einn afkomanda íslendingans Andrésar Jólssonar. Walter rekur sögu ættar sinnar í þættinum og segir fjölskyldu sína hafa komið til Brasilíu árið 1928 í þriðju ferð íslendinga til búsetu á brasilískri grundu. Walter segir að hluti Johnson ættarinnar hafi ekki komið til Brasilíu heldur farið til Bandaríkjanna og er frægasti meðlimur þess anga ættarinnar Lyndon B. Johnson, fyrrum forseti Bandaríkjanna (Nariosniak, 2012). Hið rétta er að Andrés var 22 ára gamall þegar hann fluttist búferlum til Brasilíu með foreldrum sínum, Jóel Jónssyni og Sesilíu Andrésdóttur, og þremur systkinum árið 1873 (Júníus H. Kristinsson, 1983). Þetta er ekki það eina sem styður frásögn Nönnu

Söndahl um þokukenndar hugmyndir um uppruna afkomenda íslendinganna. Aldo er um sjötugt, afkomandi íslendinga og er mikill áhugamaður um íslensku arfleifð sína. Aðspurður um upprunan sagði hann að íslendingarnir sem komu til Brasilíu hafi gert það vegna mistaka. Sagði hann þá hafa ætlað að sigla til San Francisco í Bandaríkjunum en óvart tekið skip sem sigldi til São Francisco í Brasilíu. Þessar hugmyndir Aldo virðast ekki eiga sér stöðir í raunveruleikanum frekar en hugmyndir Walters um uppruna fjölskyldu hans.

Þá virðast hafa skapast ákveðnar ranghugmyndir um eftirnöfn afkomendanna. Líkt og Walter taldi Johnson eftirnafnið í Bandaríkjunum skylt sér hafði Roberto samband við fólk í Bandaríkjunum sem hafði sama eftirnafn og hann í því skyni að finna ættingja. Roberto komst síðar að því að fólk með þetta sama eftirnafn væri að öllum líkindum afkomendur svía í Bandaríkjunum og engin skyldleiki væri þeirra á milli. Svo virðist sem almennt sé talið að þau eftirnöfn sem Brasilúfararnir tóku upp eftir komuna til Brasilíu séu raunveruleg íslensk ættarnöfn. Ísland er ekki þekkt land meðal Brasilúbúa og enskukunnátta margra þeirra er lítil og jafnvel ekki til staðar. Upplýsingar um Ísland, menningu, siði, sögu og tungu hafa þar að leiðandi í gegnum tíðina ekki verið aðgengilegar íslensk ættuðum Brasilúbúum og því verður að íhuga hvort sú þekking sem hefur skapast um uppruna hafi ekki alltaf verið byggð á raunveruleikanum eða hvor fólk hafi „fyllt upp í eyðurnar“ líkt og Anderson (1991/1983) fjallar um.

Árið 1998 kom hópur afkomenda íslendinga í Brasilíu til Íslands til að vitja heimaslóðanna og snerta jörð forfeðranna. Þessi hópur var af Söndalhs ættinni en þau eru ættuð úr Sunnudal við Vopnafjörður. Verið er að skipuleggja hópferð fyrir árið 2013 og er vonast til að 10-15 manns heimsæki landið og fræðist um land, þjóð og uppruna þeirra. Þó skipulagðar hópferðir hafi ekki verið fleiri í gegnum tíðina er nokkuð um að einstaklingar hafi heimsótt land og þjóð en sökum mikilla samfélagslegra breytingar í Brasilíu undanfarin misseri hefur aðgengi fólks að ferðalögum aukist til muna.

## Lokaorð

Í þessari grein hef ég fjallað um afkomendur íslendinga í Brasilíu út frá hugmyndum fræðimanna um tvíheima og hnattvæddar sjálfsmyndir.

Ljóst er að íslensk sjálfsmynd fyrirfinnst meðal afkomenda íslendinga í Brasilíu og hún er þeim mikilvæg, jafnvel mikilvægari en annar uppruni þeirra í þessu fjölmenningslega samfélagi. Áhugavert er að velta fyrir sér af hverju svo sé. Einnig er athyglisvert að skoða hvort íslensk sjálfsmynd hafi, á síðastliðnum árum, fengið aukið vægi og ef svo er, hvað veldur því.

Uppruni afkomendanna er byggður á ákveðinni ímynd og félagslegu minni innan tvíheima enda er lítil þekking til staðar í Brasilíu á arfleifð íslensk ættaðra Brasilúbúa. Sjálfsmyndin skapar og viðheldur ímyndinni sem gegnir ákveðnu hlutverki í lífi einstaklingsins en á sama hátt tengir hann við aðra sem sameiginlega skilgreina sig sem hóp af Brasilúbúum af íslenskum uppruna. Birtingarmynd íslenskrar sjálfsmyndar er meðal annars stolt yfir íslenskum uppruna enda er sjaldgæft að vera afkomandi norrænna manna og kvenna í Brasilíu og þeim jafnan tileinkaðir ákveðnir jákvæðir eiginleikar eins og heiðarleiki, vinnusemi og dugnaður.



## Heimildir

- Anderson, B. (1991/1983). *Imagined communities, reflections on the origin and spread of nationalism*. London, New York: Verso.
- Árni Johnson. (1972, 30. ágúst). Brasilíufararnir hafa getið sér gott orð, viðtal við Tómas Þorvaldsson forstjóra, sem hitti einn af afkomendum Brasilíufaranna frá árinu 1972. *Morgunblaðið*, bls. 10 og 19.
- Barth, F. (1969). *Ethnic groups and boundaries: The social organization of culture difference*. Boston: Little, Brown and Company.
- Bjarni E. Guðleifsson. (2002). Landnám Íslendinga í Brasilíu. Í Guðni Halldórsson og Sigurjón Jóhannesson (ritstjórar), *Árbók Þingeyjinga*, 45, 6-34. Akureyri, Húsavíkurbær og Suður- og Norður-Þingeyjasýsla.
- Bourdieu, P. (1989). *Distinction: A social critique of the judgement of taste* (Richard Nice þýddi). London: Routledge. (Upphaflega gefið út 1979).
- Brubaker, R. (2004). *Ethnicity without groups*. Bandaríkin: Harvard College.
- Carvalho, J. (1982) Political elites and estate building: The case of nineteenth-century Brazil. *Comparative Studies in Society and History*, 24(3), 378-399.
- Clifford, J. (2007). Tviheimar (Steinunn Haraldsdóttir þýddi). Í Gauti Kristmannsson og Ólafur Rastrick (ritstjórar), *Ritið, Tímarit Hugvísindastofnunar*, 2-3, 147-195.
- Davilá, J. (2005). Ethnicity and the shifting margins of Brazilian identity. *Diaspora* 14(1), 185-200.
- Erikson, T. (1993). *Ethnicity and Nationalism, anthropological perspective*. London: Pluto Press.
- Erikson, T. (2001). Identitet. Í Thomas Hylland Erikson (ritstjóri), *Flerkulturell forståelse* (2. útgáfa, bls. 36-56). Osló: Universitetsforlaget.
- Fausto, B. (1999). *A concise history of Brazil*. Cambridge University Press. USA.
- Hall, S. (2000). Old and new identities, old and new ethnicities. Í L. Back og J. Solomos (ritstjórar), *Theories of race and racism* (bls. 144-153). London: Routledge.
- Hobsbawn, E. (1983). Introduction. Í E. Hobsbawn og T. Ranger (ritstjórar), *The invention of tradition* (bls. 1-14) Cambridge: Cambridge University Press.
- Júníus H. Kristinsson. (1983). *Vesturfaraskrá 1870-1914: A record of emigrants from Iceland to America 1870-1914*. Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands.
- Karam, T. (2007). *Another Arabesque: Syrian-Lebanese ethnicity in neoliberal Brazil*. Philadelphia: Temple university press.
- Kempny, M. (2010). *Polish migrants in Belfast: Border crossing and identity construction*. Newcastle upon Tyne: Cambridge Scholars Publishing.
- Kristín Loftsdóttir. (2004). Tómið og myrkrið; Afríka í Skírni á 19. öld. *Skírnir, tímarit hins íslenska bókmenntafélags*, 178(vor), 119-151.
- Kristín Loftsdóttir. (2006). Þriðji sonur Nóa; Íslenskar ímyndir Afríku á miðöldum, *Saga, tímarit sögufélags*. XLIV, 1.
- Kristín Loftsdóttir. (2010). Leifar nýlendutímans og kynþáttahygga: Ljóð Davíð Stefánssonar, Tómasar Guðmundssonar og deilur um skopmynd Sigmunds. *Skírnir, Tímarit Hins Íslenska Bókmenntafélags*, 184, 121-144.
- Kristján Jónsson. (1998, 10. september). Að snerta jörð forfeðranna. *Morgunblaðið*, bls. 32-33.
- Lesser, J. (1999). *Negotiation national identity: Immigrants, minorities and the struggle for ethnicity in Brazil*. Durham: Duke University Press.
- Loftsdóttir, K. (2009). „Pure manliness“: The colonial project and Africa's image in nineteenth century Iceland. *Identities: Global studies in Culture and Power*, 16, 271-293.
- Loftsdóttir, K. (2012). Whiteness is from another world: Gender, Icelandic international development and multiculturalism. *European Journal of Women's Studies*, 19(1), 41-54.
- Narosniak, J. (ritstjóri). (2012). *A curiosa historia da imigração islandesa* (2. hluti) (heimildamynd). Brasília: Globo. Sótt 31. ágúst 2012 af

<http://redeglobo.globo.com/pr/rpctv/meuparana/videos/t/edicoes/v/a-curiosa-historia-da-imigracao-islandesa-parte2/2095174/>

- Olivien, R. (2000). „The largest popular culture movement in the Western world“: Intellectuals and Gaúcho traditionalism in Brazil. *American Ethnologist*, 27(1), 128-146.
- Schwartz, S. (1989) The formation of colonial identity in Brazil. Í N. Canny og A. Pagden (ritstjórar), *Colonial identity in the Atlantic world 1500 – 1800* (15-50). Princeton: Princeton University Press.
- Skidmore, T. (2010). *Brazil; Five centuries of change* (2. útgáfa). New Work, Oxford: Oxford university press.
- Spivak, G. (1987) *In other worlds, essays in cultural politics*. London: Routledge.
- Ponzanesi, S. (2002). Diasporic subjects and migration. Í G. Griffin og R. Braidotti (ritstjórar), *Thinking differently: A reader in European women's Studies* (bls. 205-220). New York: Zed Books Ltd.
- Vígfús Guðmundsson. (1958). *Framtíðarlandið: Ferðamining frá Suður-Ameríku*. Reykjavík: Bókaútgáfan Einbúi.
- Þorsteinn Þ. Þorsteinsson. (1935). *Vestmenn: Útvarpserindi um landnám íslendinga í vesturheimi*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðjan.
- Þorsteinn Þ. Þorsteinsson. (1937-1938). *Ævintýrið frá Íslandi til Brasilíu: Fyrstu fólksflutningar frá Norðurlandi með myndum*. Reykjavík: Sigurgeir Friðriksson/Ísafoldarprentsmiðjan.
- Þorsteinn Þ. Þorsteinsson. (1943). *Saga íslendinga í vesturheimi* (2. bindi). Winnipeg: Þjóðræknifélag Íslendinga í vesturheimi.